

Dreifibréf sent samtryggingarsjóðum sem eru hættir móttöku iðgjalda og eru ekki með ábyrgð launagreiðanda. Reykjavík 31. mars 1999.

Efni samþykktu lífeyrissjóða sem falla undir 53. gr. laga nr. 129/1997 - slsl.

Ráðuneytið hefur að undanförmu haft til athugunar hvaða ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, gilda fyrir þá sjóði sem eru hættir eða hyggjast hætta móttöku iðgjalda fyrir 1. júlí n.k. Í byrjun mars 1999 gaf ráðuneytið út leiðbeiningar vegna umsókna lífeyrissjóða um starfsleyfi og hafa þær nú verið sendar flest öllum sjóðum í tölvupósti. Nauðsynlegt er hins vegar að fara nánar yfir það hvaða ákvæði laganna gilda fyrir þá sjóði sem falla undir XI. kafla laganna en það getur verið misjafnt eftir því um hvers konar sjóði er að ræða.

Samkvæmt 53. gr. slsl. skulu lífeyrissjóðir sem eingöngu ætla að veita lífeyri vegna áunninna réttinda, tilkynna fjármálaráðuneytinu um þá fyrirætlan innan árs frá gildistöku laganna, þ.e. eigi síðar en þann 30. júní 1999. Lögin gilda um þá sjóði eftir því sem við getur átt en þeim verður veitt sérstakt starfsleyfi vegna þess að uppfylltum skilyrðum laganna.

Til nánari skýringa skal bent á eftirfarandi:

- Ráðuneytið telur að öll ákvæði sem fjalla um iðgjöld og umsýslu þeirra og skyldur launagreiðanda í tengslum við þau, sbr. einkum 1. mgr. 2. gr., 3. gr., 5. gr., 6. gr., 7. gr. og 7. tölul. 27. gr., gildi ekki fyrir þá sjóði sem falla undir ofangreinda skilgreiningu. Er því nægjanlegt að í samþykktum komi fram að sjóðurinn taki ekki við iðgjöldum.
- Ákvæði 4. gr. um lágmarkstryggingavernd gildir ekki. Hins vegar gilda ~~[[III. kafli um lífeyrisréttindin,]~~¹⁾ 24. gr. um gerð tryggingarfræðilegra úttekta og 39. gr. um þær ráðstafanir sem sjóður þarf að grípa til vegna munar á eignum og skuldbindingum. Sjóður þarf því ekki að hætta starfsemi og sameinast öðrum jafnvel þótt aðgerðir sem gripið er til í kjölfar tryggingafræðilegrar úttektar, leiði til þess að réttindi verði minni en 4. gr. kveður á um.

1) Fellt út, til samræmis við ákvæði 53. gr. laga nr. 129/1997, eftir að bréfið var sent út.

- Ákvæði um fjölda sjóðfélaga í 21. gr. gildir ekki og þarf sjóður sem fellur undir þennan flokk ekki að grípa til sérstaka ráðstafana þó svo sjóðfélagar séu færri en 800.
- 36. gr. um ávöxtun eigna gildir fyrir þessa sjóði svo og önnur ákvæði í VII. kafla. Þar sem ekki er skylt að selja eignir til að uppfylla þær kröfur sem greinin gerir, er óvíst að upptaka hennar í samþykktir sjóða hafi einhver raunverleg áhrif.
- Önnur ákvæði laganna gilda fyrir þá sjóði sem eru til umfjöllunar í bréfi þessu svo sem ákvæði um breytingar á samþykktum (28. gr.), rekstur og innra eftirlit, ársreikninga og endurskoðun, eftirlit fjármálaeftirlitsins og umsjón, slit og samruna.

Hjálagt sendist eintak af leiðbeiningum ráðuneytisins en þær eru óbreyttar frá þeirri útgáfu sem kom út í byrjun mars 1999.

F.h.r.

Áslaug Guðjónsdóttir
Hermann Jónasson

Reykjavík 31. mars 1999